# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum.**

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytta útgáfu af brautalýsingu skv. gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla, sem birt var með auglýsingu nr. 661/2004, svo sem nánar er fjallað um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Í stað brautalýsingar fyrir tækniteikninu á bls. 1674 kemur ný brautalýsing, svohljóðandi:

**Tækniteiknun (TÆ)** **109 ein.**

Meginmarkmið náms í tækniteiknun er að gera nemendum kleift að öðlast þá þekkingu og færni sem tækniteiknurum er nauðsynleg í störfum sínum við gerð teikninga og frágang ýmis konar hönnunarvinnu á teiknistofum fyrirtækja, ráðgefandi verkfræðinga, arkitekta, ríkisstofnana, bæjarfélaga o.fl. Ennfremur að gera nemendum kleift að annast kerfisstjórnun teiknikerfa, framsetningu og kynningu gagna, skipulagningu og stjórnun skjalavistunar og önnur sérhæfð teikni- og skrifstofustörf. Meðalnámstími er 6 annir í skóla.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Almennar greinar** | | | **31 ein.** |
| Íslenska | ÍSL 103 203/102 202 212 | 6 ein. | |
| Erlend tungumál | ENS 102 DAN 102 + 6 ein. | 10 ein. | |
| Stærðfræði | STÆ 102 122 202 | 6 ein. | |
| Lífsleikni | LKN 103/101 111 121 | 3 ein. | |
| Íþróttir | ÍÞR 101 111 201 211 + 2 | 6 ein. | |
| **Sérgreinar bundnar** | | | **72 ein.** |
| Arkitektateikning | TAT 103 203 303 | 9 ein. | |
| Burðarvirkis- og byggingahluta-teikning | TBT 103 203 303 | 9 ein. | |
| Fjarvíddar- og fríhendisteikning | TTF 103 | 3 ein. | |
| Grafísk framsetning | TGF 103 | 3 ein. | |
| Grunnteikning | TGT 103 | 3 ein. | |
| Gæðastjórnun/teiknistofutækni | TÆT 103 | 3 ein. | |
| Hönnunar- og tækjateikning véla | TVT 103 | 3 ein. | |
| Innréttingateikning | TTI 103 | 3 ein. | |
| Lagnateikning | TTL 103 | 3 ein. | |
| Lokaverkefni | TLV 106 | 6 ein. | |
| Myndataka og myndvinnsla | TMM 103 | 3 ein. | |
| Raflagnateikning | TRT 103 203 | 6 ein. | |
| Skipulag og stjórnun | TSS 103 | 3 ein. | |
| Þrívíddarteikning | TÞT 103 203 | 6 ein. | |
| Tölvuteikning | TTC 103 203 | 6 ein. | |
| Tölvuumsjón | TTU 103 | 3 ein. | |
| **Sérgreinar val** | | | **6 ein.** |
| **Samtals** | | | **109 ein.** |

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 31. maí 2007.*

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

*Guðmundur Árnason.*